



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 4 · 101 Reykjavík
sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068
postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Háskólinn í Reykjavík
Ari Kristinn Jónsson, rektor
Menntavegi 1
101 REYKJAVÍK

Reykjavík 17. febrúar 2016
Tilv.: MMR15100033/10.2-


Efni: Viðurkenning mennta- og menningarmálaráðherra á fræðasviði félagsvísinda við Háskólann í Reykjavík

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur borist umsókn frá Háskólanum í Reykjavík um viðurkenningu til kennslu í hagfræði á bakkalár- og meistarastigi. Skólinn hefur þegar viðurkenningu til kennslu á eftirfarandi undirflokkum fræðasviðs félagsvísinda: kennslu- og lýðheilsufræðum, lögfræði, og viðskiptafræði, enda uppfyllir hann þau skilyrði sem sett eru fram í lögum um háskóla nr. 63/2006 og reglum um viðurkenningu háskóla nr 1067/2006 til kennslu og rannsókna á þeim sviðum.

Samkvæmt skilgreiningu ráðuneytis á undirflokkum fræðasviða, teljast hagfræði og viðskiptafræði til sama undirflokks félagsvísinda. Sú skilgreining samræmist flokkun fræðasviða rannsókna og þróunar í Frascati handbók OECD (2015) en hag- og viðskiptafræði falla þar í undirflokk 5.2.

Mennta- og menningarmálaráðherra staðfestir því hér með að í viðurkenningarbréfi menntamálaráðherra á fræðasviði félagsvísinda við Háskólann í Reykjavík frá 22. apríl 2008 beri frá 17. febrúar 2016 að lesa *viðskiptafræði* sem ígildi *viðskipta- og hagfræði*.


Ásta Magnúsdóttir


Jón Vilberg Guðjónsson